



Samfylkingin
Sóltúni 26
105 Reykjavík

Efni: Kæra Guðmundar Inga Þóroddssonar á ákvörðun kjörstjórnar Fulltrúaráðs Samfylkingarinnar í Reykjavík, dags. 11. febrúar 2022.

Til mín hefur leitað Guðmundur Ingi Þóroddsson, kt. 290574-4639, vegna ákvörðunar kjörstjórnar Fulltrúaráðs Samfylkingarinnar í Reykjavík, dags. 11 febrúar 2022, um að ógilda framboð hans á grundvelli þess að hann sé ekki kjörgengur skv. 6. gr. kosningalaga nr. 112/2021 (ksl). Til álita kom hvort umbjóðandi minn væri kjörgengur þar sem hann hlaut reynslulausn um mitt ár 2020 og er á reynslutíma til miðs árs 2023, og var niðurstaða kjörstjórnar að hann teldist ekki hafa lokið afplánun. Með vísan til 3. tölul. 2. mgr. 22. gr. er ákvörðun kjörstjórnar hér með skotið til úrskurðarnefndar kosningamála.

Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. ksl er kjörgengur í sveitarstjórn hver sá sem uppfyllir skilyrði 4. gr. og hefur óflekkað mannorð. Í 3. mgr. er að finna frekari skýringu á hvað felist í óflekkuðu mannorði, en þar segir að enginn teljist hafa óflekkað mannorð fyrr en afplánun skilorðsbundinnar refsingar sé lokið. Í greinargerð með frumvarpi laganna segir að afplánun sé ekki að fullu lokið fyrr en að loknum reynslutíma.

Í 1. tölul. 1. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 15/2016 (fullnustulög) er afplánun skilgreind sem vistun í fangelsi eða utan fangelsis. Í afplánun felst líkamleg skerðing hjá einstaklingnum, þ.e. að honum ber að vera á ákveðnum stað á ákveðnum tíma. Afplánun getur þannig verið hefðbundin fangelsisvistun, dvöl á áfangaheimili eða meðferðarstofnun eða undir rafrænu eftirliti. Í 18. tölul. 1. gr. fullnustulaga er reynslulausn skilgreind sem skilorðsbundin eftirgjöf refsingar og skv. 19. tölul. er reynslutími sá tími sem reynslulausn varir. Með tilliti til skilgreininga fullnustulaga getur reynslutími ekki fallið undir skilgreiningu afplánunar.

Með ákvæði 6. gr. ksl er atvinnufrelsi skv. 75. gr. Stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 skert. Um er að ræða grundvallarmannréttindi sem ekki verða skert nema með skýrri lagaheimild. Ekki nægir að styðjast við eina athugasemd í greinargerð ef ætlunin er að skerða mannréttindi með þessum hætti, heldur þyrfti hið sama að koma skýrt fram í lögum, ella drægi út tiltrú almennings á lögum og réttarkerfinu í heild sinni. Þar sem ekki er að finna frekari skýringu á afplánun í skilningi ksl verður að styðjast við skilgreiningu fullnustulaga. Líkt og að ofan greinir verður reynslulausn ekki felld þar undir. Eftir stendur að umbjóðandi minn telst kjörgengur í skilningi ksl.

Ekki verður séð hvernig tölvupóstssamskipti við Fangelsismálastjóra, þar sem hann skilgreinir hvað felist í afplánun, geti grundvallað ógildingu þar sem mannréttindi eru skert með þessum hætti. Um er að ræða túlkun laga en ekki skilning einstakra manna, sem ekki hafa völd til túlkunar, á lagalegum hugtökum. Sé ætlunin að gera það þarf að bera vafamálið undir dómara sem þá getur kveðið á um frekari skilgreiningu.

Þá kemur til álita hvort kjörstjórn sé heimilt að ógilda framboð með þessum hætti. Í 6.10. gr. Skuldbindandi regla um aðferðir við val á framboðslista Samfylkingarinnar er að finna einu ógildingarheimild kjörstjórnar, en hún á við þegar brotið er gegn ákvæðum 5.2. gr. sem kveða á um hámarkskostnað frambjóðanda við framboð sitt. Mál umbjóðanda míns fellur ekki þar undir. Um úrskurði um kjörgengi í sveitastjórnkosningum gildir 48. gr. ksl, en þar segir að verkefnið heyri undir yfirkjörstjórn sveitafélags. Kjörstjórn hefur þannig með vísan til kosningalaga farið út fyrir valdsvið sitt og getur ákvörðun hennar því ekki talist bindandi.

Með tilliti til alls ofangreinds verður ekki séð að ákvörðun kjörstjórnar standist skoðun og ber því að fella hana úr gildi. Umbjóðandi minn telst kjörgengur í skilningi laganna og málsmeðferð kjörstjórnar er hvorutveggja ábótavant og óheimil.

Virðingarfyllt,
f.h. Guðmundar Inga Þóroddssonar

Sigrún Ásta Brynjarsdóttir
Lögmaður
Sími: 777-1204

Sigrún Ásta Brynjarsdóttir lögmaður